

Lög nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald á sild o. fl.

Lög nr. 15 14. júní 1929.

Lög nr. 52 8. sept. 1931, 1. gr.

Lög nr. 27 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Lög nr. 58 19. júní 1933, um breyting á l. nr. 70 1921.

Lög nr. 2 5. jan. 1934, um breyting á l. nr. 52 1931.

63

28. jan.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

64

28. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 2. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa, höfum látið fella hinar nýju lagabreytingar og lögín frá 1926 inn í meginmál fyrrgreindra laga frá 1919, og gefum þau hér með út sem lög um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa:

1. gr.

Skilgetið barn fær íslenzkt ríkisfang jafnskjótt sem það fæðist, ef faðir þess er þá íslenzkur ríkisborgari, og óskilgetið barn, ef móðir þess er það þá.

Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá talið íslenzkur ríkisborgari, þar til annað reynist sannara.

2. gr.

Nú hefir karlmaður eða ógift kona, sem fædd eru hér á landi, en eiga þó ekki ríkisfang hér, haft hér samfleytt lögheimili til fullra 19 ára aldurs, og

64 28. jan. öðlast þau þá íslenzkt ríkisfang, hvort sem þau eru fædd áður en lög þessi öðlast gildi eða eftir það, enda hafi aðili ekki síðasta árið lýst því skriflega fyrir lögreglustjóra, að hann hirði ekki að öðlast íslenzkt ríkisfang, og þá jafnframt sannað ríkisborgararétt sinn í öðru landi með löggildu vottorði. Ekki stoðar þó slík yfirlýsing, ef faðir aðilja, ef hann er skilgetinn, og móðir hans ef hann er óskilgetinn, hafa sjálf tilskilið sér erlent ríkisfang með þessum hætti.

Ef maður fær íslenzkt ríkisfang samkvæmt þessari grein, þá fylgja kona hans og skilgetin börn því ríkisfangi. Sama er um óskilgetin börn, ef móðir þeirra á hlut að máli.

3. gr.

Nú gengur íslenzkur ríkisborgari að eiga konu, sem á erlent ríkisfang, og fær hún þá ríkisfang manns síns. Sama er um ósjálfráða og ógift börn, er þau hafa saman átt.

4. gr.

Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum, en þó því aðeins, að þeir hafi verið búsettir hér á landi samfleytt 10 ár hin næstu áður en þeir beiddust ríkisborgararéttar og standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Þó er heimilt að veita manni, sem starfað hefir í þjónustu ríkis eða ríkisstofnana 5 ár óslitið, ríkisborgararétt, ef önnur skilyrði þessara laga eru fyrir hendi.

Ákvæði undanfarandi málsgreinar um búsetuskilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar taka ekki til þeirra manna, sem fæddir eru af íslenzku foreldri.

Engum má veita ríkisborgararétt, nema hann færi sönnur á það, að hann hafi aldrei orðið sekur um neitt það athæfi, sem hér á landi eða í heimalandi hans er talið svívirðilegt að almenningsáliti.

Enginn maður, sem með lögum hefir verið veittur ríkisborgararéttur, öðlast hann fyrr en hann hefir sannað það fyrir ríkisstjórninni, að hann sé að fullu leystur af hinu fyrra ríkisfangi sínu og öllum skyldum, sem af því leiðir. Sé þessi sönnun ekki fram komin innan 12 mánaða frá birtingu veitingarlaganna í A-deild Stjórnartíðindanna, eru þau, að því er þann mann snertir, fallin úr gildi sjálfkrafa.

Um konu manns, er ríkisborgararétt öðlast, og börn þeirra fer eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

5. gr.

Nú verður maður ríkisborgari í öðru landi, og missir hann þá íslenzks ríkisfangs. Sá, er öðlast hefir íslenzkt ríkisfang er hann fæddist, heldur því þó þar til hann flyzt búferlum af landi héðan.

6. gr.

Íslenzkur maður og íslenzk kona ógift, sem fædd eru erlendis og aldrei hafa átt lögheimili á Íslandi, missa íslenzks ríkisfangs, þá er þau eru fullra 22

ára að aldri. Þó má kveða svo á með konungsúrskurði, að aðili megi halda 64
íslenzku ríkisfangi.

28. jan.

Nú hefir maður dvalizt hér á landi til náms eða í einhverju öðru skyni, er af megi ráða það, að hann vilji íslenzkur ríkisborgari vera, og skal þá líta svo á í þessu efni, sem hann hafi átt heima á Íslandi.

Ef maður missir íslenzks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, þá fer með sama hætti um konu hans og skilgetin börn. Sama er um óskilgetin börn, ef aðili er kvenmaður.

7. gr.

Konungur getur leyst þann, sem orðinn er erlendur ríkisborgari eða ætlar að verða það, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það.

8. gr.

Kona, sem gengið hefir að eiga erlendan ríkisborgara áður en lög þessi komu til framkvæmdar og hefir því misst íslenzks ríkisfangs, skal aftur fá það, ef hún sendir ráðherra beiðni um það, enda hafi hún gerzt íslenzkur ríkisborgari þegar er hún fæddist og átt jafnan lögheimili á landi hér síðan sá ráðahagur tókst. En missa skal hún íslenzkan ríkisborgararétt jafnskjótt sem hún flyzt búferlum af Íslandi.

Þeir einir, sem náð hafa 22 ára aldri að 3 árum liðnum frá því, er lög þessi ganga í gildi, missa ríkisfang samkvæmt 6. gr. laga þessara.

Að öðru leyti skal fara eftir lögum þessum, ef sú staðreynd, er veldur því, að maður fái íslenzkan ríkisborgararétt eða missi hann, gerist eftir að þau ganga í gildi, nema þau láti öðruvísi um mælt.

9. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu þeir allir vera, sem áttu lögheimili á Íslandi 1. des. 1918, með þeim undantekningum, sem hér segir:

1. Þegnar annara ríkja en Íslands og Danmerkur, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, halda ríkisfangi sínu.

2. Þeir, er hvergi áttu ríkisfang 1. des. 1918.

3. Danskir ríkisborgarar, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918 og eigi myndi vera orðnir íslenzkir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, þó að þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu halda dönskum ríkisborgararétti, en hafa þó rétt til að áskilja sér íslenzkt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til konu manns, enda hafi þau eigi slitið samvistir, og skilgetinna ósjálfráðra barna hans, og ef ógift kona er, óskilgetinna ósjálfráðra barna hennar.

Eigi skal það talið heimilisfang á Íslandi samkvæmt þessari grein, þótt danskur maður hafi dvalizt þar 1. des. 1918 sem sjúklingur á sjúkrahúsi, við nám, í fangelsi eða sem þurfamaður, nema sú vist sé áframhald af heimilisfangi á Íslandi.

64

28. jan.

10. gr.

Nú fær maður íslenzkt ríkisfang samkvæmt upphafi 9. gr., og tekur þá kona hans ríkisfang hans, hvar sem hún var heimilisföst 1. des. 1918, enda hafi þau eigi slitið samvistir. Sama er um skilgetin ósjálfráða börn, ef móðir þeirra verður það.

11. gr.

Þeir, er áttu lögheimili í ríki Danakonungs 1. des. 1918 og vera myndi íslenzkir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum laga þessara, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenzkir ríkisborgarar, en hafa þó rétt til að áskilja sér danskt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til þeirra, er í 9. gr. 3. tölulið, fyrri málsgrein, síðara málslið segir.

Þeir, sem lögheimili áttu utan Íslands og ríkis Danakonungs 1. des. 1918 og vera mundu íslenzkir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenzkir ríkisborgarar ásamt konum og börnum, svo sem í 10. gr. segir.

12. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður fullnægi skilyrðum til að verða íslenzkur ríkisborgari samkvæmt 9.—11. gr. Skjóta má þeim úrskurði undir úrlausn dómstólanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.